



## VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

---

### Minnisblað um undirbúning frumvarps um heilindi í vísindarannsóknum

Frá forsætisráðherra

Til vísinda- og tækniráðs

29. maí 2018

#### 1. Úrlausnarefni

Það hefur lengi verið til umræðu á vettvangi vísinda- og tækniráðs og í vísindasamfélaginu hér á landi að styrkja þurfi ramma um siðferðislegar hliðar vísindarannsókna. Annars staðar á Norðurlöndum eru úrræði á grundvelli laga eða stjórnvaldsfyrirmæla til að leysa úr málum þegar upp koma grunsemdir um uppspuna, falsanir og ritstuld í rannsóknum. Með slíkum úrræðum er leitast við að efla heilindi í vísindasamfélaginu og traust almennings á vísindum og rannsóknum.

Nú þegar hefur töluverð vinna verið lögð í undirbúning frumvarps í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

#### 2. Spurningar sem þarf að svara við undirbúning lagafrumvarps

- að hvaða marki eiga grunnviðmið um heilindi í rannsóknum að koma fram í lögum og að hvaða marki á að vísa til viðurkenndra viðmiða í vísindum?
- hvers konar miðlæg nefnd eða ráð á að vinna að heilindum í rannsóknum?
- skipun nefndar/ráðs
- fjallar nefndin/ráðið um málefni sem varða nemendur í háskólum eða ekki? Hver er verkaskipting milli nefndarinnar/ráðsins og annarra nefnda sem fyrir eru t.d. hjá heilbrigðisstofnunum og háskólum?
- hverjir eiga að geta vísað málum til nefndar/ráðs og mun hún taka upp mál að eigin frumkvæði?
- þarf sérstaka vernd fyrir afhjúpendur (whistle blowers)?
- hvaða málsmeðferðarreglur eiga að gilda hjá nefndinni/ráðinu?
- úrskurðar nefndin/ráðið eða veitir álit?
- á að kveða með einhverjum ætti á um afleiðingar brota?
- hvert á að vera umfang starfseminnar? hvar á skrifstofan að vera vistuð?
- tengsl við vísindasiðanefnd – möguleg breyting á heiti vísindasiðanefndar
- tengsl við háskóla, rannsóknarstofnanir og sjóði, þ.e. hvort ástæða sé til að skilyrða umsókn í opinbera sjóði til styrktar rannsóknum eða þróun þannig að umsækjendur gangist undir siðaviðmið sem sett verða

Gengið er gengið út frá tiltölulega afmörkuðu hlutverki nefndar/ráðs á sviði heilinda í vísindum og rannsóknum. Ekki er velt upp spurningum um hvort slík nefnd/ráð gæti jafnframt gegnt hlutverki sem nokkurs konar landsiðaráð sem fjallaði um ýmis siðferðileg álitamál í samfélaginu sem eru tengd framþróun í vísindum og tækni. Ekki er heldur fjallað um hugmyndir sem fram hafa komið um að setja á laggirnar nefndir til hliðar við eða sem deildir í vísindasiðanefnd þannig að öll vísindasvið lytu sambærilegum reglum. Hvort tveggja er nokkuð annars eðlis en meginviðfangsefni frumvarpsvinnunnar og myndi mögulega flækja undirbúning og afgreiðslu málsins.

### **3. Tilhögun vinnu**

Ákveðið hefur verið í samráði milli forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að forsætisráðherra muni skipa starfshóp til að semja lagafrumvarp um ofangreint efni. Gengið er út frá að samið verið frumvarp til nýrra sérlaga um þetta efni. Ekki verður séð að efnið myndi falla vel inn í nein gildandi lög. Áður en frumvarpið verður samið þarf að semja áform um lagasetningu og frummat á áhrifum, sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017.

Þótt frumvarpið verði samið af starfshópi forsætisráðherra og hún muni síðan leggja frumvarpið fram er gert ráð fyrir að lögín falli undir ábyrgðarsvið mennta- og menningarmálaráðherra enda fer hún með forræði vísinda og rannsókna og þannig er málum einnig háttáð annars staðar á Norðurlöndum.

Leitað hefur verið til Vilhjálms Árnasonar prófessors og hann hefur tekið að sér stýra fyrrnefndum starfshópi. Aðrir í hópnum verði þau Páll Þórhallsson skrifstofustjóri löggjafarmála í forsætisráðuneytinu og Una Strand sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Samráð verður haft um frumvarpsvinnuna með hefðbundnum hætti.

Gert er ráð fyrir að áform um lagasetningu og frummat á áhrifum verði tilbúið eigi síðar en 15. desember 2018. Frumvarp verði svo lagt fram á vorþingi 2019.